



Símenntunaráætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar

Símenntun er yfirheiti allrar menntunar sem einstaklingar sækja. Stjórnendur og starfsfólk er hvatt til að tengja saman formlega og óformlega fræðslu til að öðlast tilætlaða hæfni.

Í handbók með kjarasamningi kennara má finna eftirfarandi: Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúningi kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Starfsfólki ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla, enda séu þau á vinnutíma og starfsfólki að kostnaðarlausu.

Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.

Sem símenntun flokkast meðal annars:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila.
- Skipulagðir leshringir, vettvangsheimsóknir.
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (telst ekki hluti af 102 tímunum en skráist sem símenntun).
- Umbóta- og/eða þróunarvinna.
- Teymisvinna
- Rýnihópar.
- Framhaldsnám.
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið ofl.)

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun

skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknu mæli á starfstíma skóla.

Í kjarasamning LN og Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum kemur fram að starfsmenn skulu eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefna eigi að gerð símenntunaráætlunar fyrir allar stofnanir og/eða starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun og heildarmarkmiðum stofnana/starfseininga.

Starfsmannastefna sveitarfélagsins styður vel við símenntun og þann lagaramma sem skólarnir vinna eftir. Í stefnunni, sem samþykkt var í bæjarstjórn 6. júní 2013, kemur meðal annars fram að sveitarfélagið ætli að:

- Standa fyrir námskeiðum og fyrirlestrum, gera fólki kleift að sækja utanaðkomandi námskeið og stunda nám samhliða vinnu.
- Þjóða nýjum starfsmönnum að fara í gegnum nýliðakynningu þar sem þeir eru fræddir um starfsemi, markmið og stefnur Ísafjarðarbæjar.
- Gefa starfsmönnum tækifæri til starfspróunar sem eykur getu þeirra til að þjóna bæjarbúum.

Símenntun í grunnskólum

Markmið með símenntun í grunnskólum er að:

- Að efla almenna fagmennsku starfsmanna.
- Að veita kennurum tækifæri til að efla þekkingu sína á sviði upplýsingatækni og auka öryggi þeirra við miðlun upplýsinga
- Að efla færni starfsfólks enn frekar til að takast á við einelti
- Að starfsfólk muni nýta sér jákvæð samskipti á skipulegan hátt í öllu skólastarfi og stuðla að jákvæðum samskiptum nemenda.

Árangur sem sóst er eftir með símenntunaráætlun

- Að auka faglega vitund kennara.

- Að kennsluhættir verði fjölbreyttir og kennarar kynni sér leiðir til að koma til móts við mismunandi hópa nemenda.
- Að nýir starfsmenn haldi áfram að finna sig velkomna í skólann og nái fljótt tökum á starfi sínu.
- Að starfsfólki skóla líði vel í starfi og finni sig ráða við það.

Hvert sækjum við símenntun

- Við fræðum hvert annað og nýtum okkur sérfræðinga í starfsmannahópnum.
- Við eigum samstarf við aðra grunnskóla.
- Við sækjum námskeið.
- Við fáum til okkar sérfræðinga með fræðslu.

Aðrir samstarfsaðilar

- Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar
- Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar
- Háskólar og endurmenntunarstofnanir
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Námsgagnastofnun

Framkvæmd símenntunar

- Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana
- Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur.
- Tímasetningar: Undirbúningur nýrrar símenntunaráætlunar stendur yfir á vorönn. Staðfestar áætlanir eru afhentar í ágúst ár hvert og gilda út skólaárið (frá 01.08 – 31.07 ári síðar).
- Tími til símenntunar: Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Kennarar hafa allt að 102 stundir á ári og annað starfsfólk a.m.k. 16 stundir.
- Jafnræði til náms: Reynt verður að jafna tækifæri til símenntunar hverju sinni.
- Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlun sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni.

- Símenntunaráætlun skólans er kynnt á starfsmannafundi.

Fjármögnun símenntunar

- Í rekstraráætlun skóla er gert ráð fyrir símenntun.
- Fjármagnið skiptist á milli:
 - Símenntunar fyrir skólann í heild
 - einstaklinga sem þurfa að sækja símenntun út fyrir skólann til að efla fagkunnáttu sína.
- Símenntunarsjóðir sem skólinn eða starfsmenn sækja til.
- Styrkir.
- Starfsmaðurinn.

Helstu áherslur við símenntunaráætlun skólaárið 2024-2025

Símenntunaráætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar skólaárið 2024-2025 tekur mið af stefnu skólanna og þeirra þróunarverkefna sem eru í gangi hverju sinni. Eftirfarandi verkefni verða í forgangi þegar kemur að símenntun á komandi skólaári:

- Leiðsagnarnám. Fræðsla og innleiðing.
- Geðheilbrigðisfræðsla.
- Skyndihjálp.
- Uppbyggingarstefnan. Viðhalda þekkingu starfsfólks.
- Byrjendalæsi.
- Heilsuefling starfsfólks.
- Námsmat
- Fjölmennning í skólaumhverfi
- Útikennsla
- Farsældarlög

Á endurmenntunardögunum 12.-14. ágúst 2024 er áætlað að bjóða upp á fræðslu um námsmat, útikennslu og fjölmenningu í skólaumhverfi. Gerð er krafa um að allir kennarar og stjórnendur mæti á námskeiðin.

Ákvörðun um námskeið eða fræðslufundi grunnskólanna byggir á stefnu skólanna, áherslum og skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn gera skólastjóra grein fyrir þeim símenntunarpáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og bæta þekkingu sína. Skólastjóri greinir starfsmanni frá þeim markmiðum sem hann vill að starfsmaðurinn nái.

Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlunin sé ávallt í endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni. Starfsmenn eru hvattir til þátttöku í fræðslu og námskeiðum. Starfsmenn skrá sjálfir menntun sína á þar til gert eyðublað og skila til skólastjóra að vori.

Skóla- og tómstundasvið skipuleggur einnig formlega og óformlega endurmenntun að hausti og af og til yfir skólaárið fyrir kennara og starfsmenn skólanna, ef þörf er á. Ákvörðun um námskeiðin er tekin í samstarfi við skólastjórnendur Ísafjarðarbæjar.

11. desember 2023



Hafdís Gunnarsdóttir

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar